

## FUNDARGERÐ

**Föstudaginn 10. maí 2013 kl. 13:00** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til símafundar í húsakynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tórnthúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólsögötu 7, Reykjavík.

Í fjarfundarsambandi voru nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Árni Rúnar Þorvaldsson, Bjarni Jónsson og Þórunn Egilsdóttir. Starfsmenn Jöfnunarsjóðs þau Elín Pálsdóttir, Elín Gunnarsdóttir, Guðni Geir Einarsson og Halldór V. Kristjánsson sátu fundinn. Björk Þorsteinsdóttur boðaði forföll.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### **YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA ENDURSKOÐUÐ GREIÐSLU- OG REKSTARARÁÆTLUN 2013.**

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð rekstrar- og greiðsluáætlun 2013 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að bein framlög frá ríki nemi samtals 856,0 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nemi 330,5 m.kr. á árinu. Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins nemur áætlaður útsvarsstofni ársins 2013 995 ma. kr. Með tilvísun til þess nema tekjur sjóðsins af 0,95% hlutdeild í útsvarsstofni 9.452,5 m.kr. Til viðbótar er gert ráð fyrir tekjum að fjárhæð 123,0 m.kr. vegna álagningar 2013 á tekjur ársins 2012. Að teknu tilliti til skuldar verkefnisins vegna janúar 2011 nema áætlaðar tekjur sjóðsins af hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga því 9.500,5 m.kr. Áætlað er að heildartekjur sjóðsins vegna verkefnisins nemi 10.687,0 m.kr. á árinu.

Í gjaldahlið áætlunar kemur fram að framlög vegna breytingakostnaðar og notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar nemi samtals 305,0 m.kr. Framlög vegna lengdrar viðveru og helgar- og sumardvalar fatlaðra að Melgerði, Reykjadal og að Laugalandi í Holtum nemi samtals 119,0 m.kr. Framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 390,0 m.kr. Eftirstöðvar af tekjum sjóðsins að fjárhæð 9.873,0 m.kr. renna til almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013. Þar af nema framlög vegna leiðréttinga ársins 2011 70,0 m.kr. Áætlað er að heildargjöld sjóðsins vegna verkefnisins nemi 10.687,0 m.kr. á árinu.

### **NÝ REGLUGERÐ UM FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK**

#### **Helstu breytingar**

Lögð voru fram til kynningar drög að nýrri reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013. Helstu breytingar frá fyrri reglugerð voru yfirfarnar en þær koma einkum fram í I. og II. hluta 3. gr. reglugerðarinnar.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að frekari umfjöllun um reglugerðina væri frestað til fundar nefndarinnar þann 13. maí nk.

### **FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK Á ÁRINU 2013**

#### **Tillögugerð að áætlun**

Lögð voru fram til kynningar fyrstu drög að áætlaðri úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013. Í drögunum kemur fram að töluverð breyting hefur orðið á innbyrðis vægi milli sveitarfélaga/þjónustusvæða frá árinu 2012. Endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaganna á árinu 2013 verður lögð fram á fundi nefndarinnar þann 13. maí nk. að fengnum viðbótarupplýsingum frá sveitarfélögum/þjónustusvæðum.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14:00.  
Halldór V. Kristjánsson